

Sp. 726. Tillaga til þingsályktunar [395. mál]

um þúsund ára afmæli kristnitökunnar.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Ingvar Gíslason, Salome Þorkelsdóttir,
Ragnar Arnalds, Eiður Guðnason, Stefán Benediktsson,
Páll Pétursson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela forsetum Alþingis að vinna að athugun á því með hvaða hætti verði af hálfu Alþingis minnst þúsund ára afmælis kristnitökunnar.

Greinargerð.

Kristnitakan árið 1000 skipti sköpum í sögu Íslendinga. Þessi einstæði atburður er greypur í þjóðarvitund.

Nú fer mjög að nálgast þúsund ára afmæli kristnitökunnar. Þess hlýtur að verða minnst svo sem efni standa til. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið að huga að því máli.

Mikilvægasta lagagerð Alþingis er lögfesting kristinnar trúar. Alþingi hlýtur að minnast þess að maklegheitum. Kirkjan hlýtur og með sínum hætti að minnast upphafs kristni í landinu. En sameiginlega verður að gera ráð fyrir að báðir þessir aðilar standi að þjóðhátíð árið 2000 til minningar um kristnitökuna. Þjóðkirkjan hefur þegar látið málið til sín taka. Snemma árs 1985 skipaði kirkjuráð nefnd þriggja manna, svonefnda kristnitökunefnd, undir forustu biskups Íslands. Nefnd þessi skal gjöra tillögur um það hversu haga beri athöfnum þeim og framkvæmdum sem efnt verður til af kirkjunnar hálfu vegna þúsund ára afmælis kristnitökunnar. Tillögur frá kristnitökunefnd hafa verið til umræðu á kirkjuþingi.

Forsetar Alþingis hafa tekið til athugunar með hvaða hætti Alþingi megi fyrir sitt leyti minnast kristnitökunnar. Hafa forsetar m.a. tekið upp sameiginlega viðræðufundi með kristnitökunefnd þjóðkirkjunnar um kristnitökuafmælið.

Þessi tillaga til þingsályktunar felur í sér efnislega að Alþingi sé samþykkt að forsetar þess haldi áfram athugunum sínum og viðræðum um kristnitökuafmælið. Er þá gert ráð fyrir að forsetar hafi samráð við ríkisstjórn, þingflokka og Þingvallanefnd um það er málið varðar.

Jafnframt er þessi þingsályktunartillaga flutt til að leggja áherslu á að Alþingi hafi mikilvægu hlutverki að gegna og megi ekki láta sinn hlut eftir liggja þegar minnst verður merkustu löggjafar þess. Til framkvæmda kemur hins vegar ekki fyrr en málið er af athugunarstigi og Alþingi hefur ákveðið hvað gera skuli af þess hálfu í tilefni þúsund ára afmælis kristnitökunnar.